STJÓRNARTÍÐINDI B 132 – 2005

28. október 2005 2237 Nr. 985

REGLUGERÐ

um fiskeldisstöðvar.

1. gr.

Á grundvelli ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 29/2003 frá 14. mars 2003, skal ákvörðun framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins nr. 2002/308 öðlast gildi hér á landi með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af I. viðauka EES-samningsins og öðrum ákvæðum hans.

Á grundvelli ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 94/2004 frá 9. júlí 2004, skal ákvörðun framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins nr. 2003/634 öðlast gildi hér á landi með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af I. viðauka EES-samningsins og öðrum ákvæðum hans.

Á grundvelli ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 120/2004 frá 24. september 2004, skal ákvörðun framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins nr. 2003/839 öðlast gildi hér á landi með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af I. viðauka EES-samningsins og öðrum ákvæðum hans.

Á grundvelli ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 120/2004 frá 24. september 2004, skal ákvörðun framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins nr. 2003/904 öðlast gildi hér á landi með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af I. viðauka EES-samningsins og öðrum ákvæðum hans.

Ákvarðanir Evrópusambandsins eru birtar sem fylgiskjöl við reglugerð þessa.

2. gr.

Með innleiðingu ákvarðana Evrópusambandsins nr. 2002/308 og breytingu hennar nr. 2003/839 er lögfest skrá yfir viðurkennd svæði og viðurkenndar fiskeldisstöðvar innan EES með tilliti til smitsjúkdómanna veirublæðis (VHS) og iðradreps (IHN), en nánar er kveðið á um skilyrðin til að öðlast slíka viðurkenningu í tilskipun nr. 91/67/EBE. Nauðsynlegt er öllum ríkjum innan EES að eiga og uppfæra þessar skrár, svo taka megi tillit til þeirra í varúðarskyni við sölu og dreifingu á lifandi eldisfiski, hrognum og sviljum.

Með innleiðingu ákvarðana Evrópusambandsins nr. 2003/634 og breytingu hennar nr. 2003/904 er lögfest skrá yfir samþykktar áætlanir sem EES-ríki hafa lagt fram við Framkvæmdastjórn ESB í þeim tilgangi að ná stöðu viðurkenndra svæða og viðurkenndra eldisstöðva á svæðum sem jafnan eru ekki viðurkennd með tilliti til veirusjúkdómanna veirublæðis (VHS) og iðradreps (IHN). EES-ríki eru skuldbundin til að birta og kynna sér þessar áætlanir einstakra ríkja, svo viðhalda megi nauðsynlegu öryggi í viðskiptum með lifandi fisk, hrogn og svil.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 19. gr. laga nr. 54/1990 um innflutning dýra, 3. mgr. 29. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim og 84. gr. laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði og til innleiðingar á ákvörðunum EB nr. 2002/308, nr. 2003/839, nr. 2003/634, nr. 2003/904.

B 140
Gutenberg

Reglugerð þessi tekur þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 28. október 2005.

F. h. r.
Guðmundur B. Helgason.

Sigríður Stefánsdóttir.

Fylgiskjöl.

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

frá 22. apríl 2002

um skrá yfir viðurkennd svæði og viðurkenndar eldisstöðvar með tilliti til fisksjúkdómanna veirublæðingar og/eða iðradreps

(tilkynnt með númeri C(2002) 1500)

(Texti sem varðar EES)

(2002/308/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 91/67/EBE frá 28. janúar 1991 um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á markaðssetningu fiskeldistegunda og -afurða ([1]), eins og henni var síðast breytt með tilskipun 98/45/EB ([2]), einkum 5. og 6. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Til að öðlast stöðu viðurkennds svæðis og viðurkenndrar eldisstöðvar á svæði, sem ekki er viðurkennt með tilliti til fisksjúkdómanna veirublæðingar (VHS) og/eða iðradreps (IHN), skulu aðildarríkin leggja fram viðeigandi skjöl, sem tryggja ásamt innlendum ákvæðum að skilyrðin, sem mælt er fyrir um í tilskipun 91/67/EBE, séu uppfyllt.

2) Skrá yfir viðurkenndar fiskeldisstöðvar í Belgíu með tilliti til fisksjúkdómanna veirublæðingar og iðradreps er sett fram í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 95/470/EB ([3]).

3) Með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/74/EBE ([4]), eins og henni var síðast breytt með ákvörðun 2001/139/EB ([5]), öðlaðist Danmörk stöðu viðurkennds svæðis fyrir allt yfirráðasvæði sitt með tilliti til iðradreps og fyrir tiltekin svæði með tilliti til veirublæðingar. Þar að auki er skrá yfir viðurkenndar fiskeldisstöðvar í Danmörku með tilliti til veirublæðingar sett fram í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/233/EB ([6]) eins og henni var síðast breytt með ákvörðun 2001/185/EB ([7]).

4) Skrár yfir svæði og fiskeldisstöðvar í Þýskalandi, sem eru viðurkennd með tilliti til veirublæðingar og iðradreps, eru settar fram í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/496/EB ([8]) annars vegar og ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 95/124/EB ([9]) hins vegar, þeirri síðarnefndu síðast breytt með ákvörðun 2001/541/EB ([10]).

5) Skrá yfir fiskeldisstöðvar og tiltekin svæði á Spáni, sem eru viðurkennd með tilliti til veirublæðingar og iðradreps, er sett fram í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 98/361/EB ([11]) eins og henni var síðast breytt með ákvörðun 2001/294/EB ([12]). Með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/862/EB ([13]) er veitt samþykki fyrir spænskri áætlun um veirublæðingu og iðradrep, sem unnið var eftir í Astúríu áður en það svæði varð viðurkennt svæði.

6) Staða Frakklands með tilliti til veirublæðingar og iðradreps er staðfest með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 95/125/EB ([14]) eins og henni var síðast breytt með ákvörðun 2001/553/EB ([15]). Skrá yfir fiskeldisstöðvar með tilliti til veirublæðingar og iðradreps í Frakklandi er sett fram í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 95/473/EB ([16]) eins og henni var síðast breytt með ákvörðun 2001/159/EB ([17]).

7) Staða Írlands með tilliti til veirublæðingar og iðradreps er staðfest með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/73/EBE ([18]) eins og henni var síðast breytt með ákvörðun 97/804/EB ([19]).

8) Skrá yfir svæði á Ítalíu, sem eru viðurkennd með tilliti til veirublæðingar og iðradreps, er sett fram í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 98/395/EB ([20]). Skrá yfir viðurkenndar fiskeldisstöðvar á Ítalíu með tilliti til veirublæðingar og iðradreps er sett fram í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 98/357/EB ([21]) eins og henni var síðast breytt með ákvörðun 2001/552/EB ([22]).

9) Skrá yfir viðurkenndar fiskeldisstöðvar í Austurríki með tilliti til fisksjúkdómanna veirublæðingar og iðradreps er sett fram í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/171/EB ([23]).

([1]) Stjtíð. EB L 46, 19.2.1991, bls. 1.
([2]) Stjtíð. EB L 189, 3.7.1998, bls. 12.
([3]) Stjtíð. EB L 269, 11.11.1995, bls. 28.
([4]) Stjtíð. EB L 27, 4.2.1993, bls. 35.
([5]) Stjtíð. EB L 50, 21.2.2001, bls. 20.
([6]) Stjtíð. EB L 77, 27.3.1996, bls. 33.
([7]) Stjtíð. EB L 67, 9.3.2001, bls. 78.
([8]) Stjtíð. EB L 192, 24.7.1999, bls. 57.
([9]) Stjtíð. EB L 84, 14.4.1995, bls. 6.
([10]) Stjtíð. EB L 194, 18.7.2001, bls. 51.
([11]) Stjtíð. EB L 163, 6.6.1998, bls. 46.
([12]) Stjtíð. EB L 100, 11.4.2001, bls. 32.
([13]) Stjtíð. EB L 352, 31.12.1994, bls. 72.
([14]) Stjtíð. EB L 84, 14.4.1995, bls. 8.
([15]) Stjtíð. EB L 199, 24.7.2001, bls. 26.
([16]) Stjtíð. EB L 269, 11.11.1995, bls. 31.
([17]) Stjtíð. EB L 57, 27.2.2001, bls. 54.
([18]) Stjtíð. EB L 27, 4.2.1993, bls. 34.
([19]) Stjtíð. EB L 329, 29.11.1997, bls. 70.
([20]) Stjtíð. EB L 176, 20.6.1998, bls. 30.
([21]) Stjtíð. EB L 162, 5.6.1998, bls. 42.
([22]) Stjtíð. EB L 199, 24.7.2001, bls. 23.
([23]) Stjtíð. EB L 55, 29.2.2000, bls. 70.

10) Svíþjóð öðlaðist stöðu viðurkennds meginlands- og strandsvæðis með tilliti til veirublæðingar og iðradreps í fiski með ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA nr. 70/94/COL ([24]).

11) Í kjölfar aðildar að Evrópubandalaginu hefur Svíþjóð látið í té upplýsingar um stöðuna varðandi veirublæðingu og iðradrep á yfirráðasvæði sínu. Líta ber á Svíþjóð sem viðurkennt meginlands- og strandsvæði með tilliti til veirublæðingar og iðradreps, að einu strandsvæði undanskildu með tilliti til veirublæðingar.

12) Í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 706/73 frá 12. mars 1973 um Bandalagsákvæði sem gilda um Ermarsundseyjar og Mön og varða viðskipti með landbúnaðarvörur ([25]), eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EBE) nr. 1174/86 ([26]), er mælt fyrir um að dýraheilbrigðislöggjöf skuli gilda á þessum eyjum með sömu skilyrðum og í Breska konungsríkinu að því er varðar vörur sem eru fluttar til eyjanna eða frá eyjunum til Evrópubandalagsins.

13) Staða Breska konungsríkisins, Ermarsundseyja og Manar með tilliti til veirublæðingar og iðradreps var staðfest með ákvörðunum framkvæmdastjórnarinnar 2000/188/EB ([27]), 93/39/EBE ([28]) og 93/40/EBE ([29]).

14) Frakkland hefur tilkynnt uppkomu veirublæðingar á viðurkennda svæðinu „efri hluti Vienne-vatnasvæðisins að Nouâtre-stíflunni, Indre-umdæmi", í Loire-Bretagne. Þar af leiðandi stenst hið smitaða vatnsöflunarsvæði í heild sinni ekki lengur kröfur 5. gr. tilskipunar 91/67/EBE með tilliti til veirublæðingar. Tiltekin vatnsöflunarsvæði innan þess svæðis standast þó enn kröfurnar á grundvelli landfræðilegra og faraldursfræðilegra gagna frá Frakklandi og staða þeirra sem viðurkennt svæði verður því ekki afturkölluð.

15) Ítalía hefur lagt fram skjöl til að öðlast stöðu viðurkennds svæðis fyrir tvö svæði, héruðin Lombardia og Umbria, með tilliti til iðradreps og veirublæðingar, sem tryggja ásamt innlendum ákvæðum að farið sé að reglum um viðhald viðurkenningar.

16) Af gögnunum, sem Ítalía lagði fram um viðkomandi svæði, má ráða að þessi svæði standast kröfur 5. gr. tilskipunar ráðsins 91/67/EBE. Þau eiga því rétt á stöðu viðurkennds svæðis og skal þeim bætt á skrána yfir viðurkennd svæði.

17) Þýskaland hefur lagt fram skjöl til að öðlast stöðu viðurkenndrar eldisstöðvar á svæði, sem ekki er viðurkennt með tilliti til veirublæðingar og iðradreps, fyrir eina eldisstöð í Baden-Württemberg sem tryggja ásamt innlendum ákvæðum að farið sé að reglum um viðhald viðurkenningar.

18) Frakkland hefur lagt fram skjöl til að öðlast stöðu viðurkenndrar eldisstöðvar fyrir þrjár fiskeldisstöðvar á svæði, sem ekki er viðurkennt með tilliti til veirublæðingar og iðradreps, sem tryggja ásamt innlendum ákvæðum að farið sé að reglum um viðhald viðurkenningar. Ein eldisstöð er í héraðinu Aquitaine, ein í Haute-Normandie og ein í Drôme. Áætlun, sem unnið er eftir í Drôme, var samþykkt með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/174/EB ([30]).

19) Ítalía hefur lagt fram skjöl til að öðlast stöðu viðurkenndrar eldisstöðvar á svæði, sem ekki er viðurkennt með tilliti til iðradreps og veirublæðingar, fyrir þrjár fiskeldisstöðvar, eina í Fruili Venezia Giulia, eina í Veneto og eina í Umbria, sem tryggja ásamt innlendum ákvæðum að farið sé að reglum um viðhald viðurkenningar.

20) Af gögnunum, sem Þýskaland, Frakkland og Ítalía lögðu fram um viðkomandi eldisstöðvar, má ráða að þessar eldisstöðvar standast kröfur 6. gr. tilskipunar 91/67/EBE. Þær eiga því rétt á stöðu viðurkenndrar eldisstöðvar á svæði sem ekki er viðurkennt og skal þeim bætt á skrána yfir viðurkenndar eldisstöðvar.

21) Til glöggvunar og einföldunar er rétt að semja eina skrá yfir viðurkennd svæði og eina skrá yfir viðurkenndar fiskeldisstöðvar á svæðum sem ekki eru viðurkennd með tilliti til veirublæðingar og iðradreps og fella úr gildi ákvarðanir um samþykkt áætlana sem áður hefur verið unnið eftir að því er varðar svæði og eldisstöðvar sem síðar hafa verið viðurkennd.

22) Því ber að fella úr gildi ákvarðanir 93/39/EBE, 93/40/EBE, 93/73/EBE, 93/74/EBE, 94/862/EB, 95/124/EB, 95/125/EB, 95/470/EB, 95/473/EB, 96/233/EB, 98/357/EB, 98/361/EB, 98/395/EB, 1999/496/EB, 2000/171/EB, 2000/174/EB og 2000/188/EB og komi ákvörðun þessi í þeirra stað.

23) Samkvæmt 7. mgr. 172. gr. laga um aðild Austurríkis, Finnlands og Svíþjóðar, með fyrirvara um 4. og 5. mgr. sömu greinar, munu ákvarðanir Eftirlitsstofnunar EFTA haldast í gildi eftir aðildina nema framkvæmdastjórnin taki rökstudda ákvörðun um að annar háttur verði hafður á í samræmi við grundvallarreglur í lögum bandalagsins.

24) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferli og heilbrigði dýra.

([24]) Stjtíð. EB L 247, 22.9.1994, bls. 44.
([25]) Stjtíð. EB L 68, 15.3.1973, bls. 1.
([26]) Stjtíð. EB L 107, 24.4.1986, bls. 1.
([27]) Stjtíð. EB L 59, 4.3.2000, bls. 17.
([28]) Stjtíð. EB L 16, 25.1.1993, bls. 46.
([29]) Stjtíð. EB L 16, 25.1.1993, bls. 47.
([30]) Stjtíð. EB L 55, 29.2.2000, bls. 77.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

1. Skrá yfir svæði, sem eru viðurkennd með tilliti til fisksjúkdómanna veirublæðingar og iðradreps, er sett fram í I. viðauka.

2. Skrá yfir fiskeldisstöðvar, sem eru viðurkenndar með tilliti til fisksjúkdómanna veirublæðingar og iðradreps, er sett fram í II. viðauka.

2. gr.

Ákvarðanir 93/39/EBE, 93/40/EBE, 93/73/EBE, 93/74/EBE, 94/862/EB, 95/124/EB, 95/125/EB, 95/470/EB, 95/473/EB, 96/233/EB, 98/357/EB, 98/361/EB, 98/395/EB, 1999/496/EB, 2000/171/EB, 2000/174/EB og 2000/188/EB eru hér með felldar úr gildi.

Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu ákvarðanirnar sem tilvísanir í þessa ákvörðun.

3. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 22. apríl 2002.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

David BYRNE

framkvæmdastjóri.

I. VIÐAUKI

SVÆÐI SEM ERU VIÐURKENND MEÐ TILLITI TIL FISKSJÚKDÓMANNA VEIRUBLÆÐINGAR OG/EÐA IÐRADREPS

1.A. **SVÆÐI ([1]) Í DANMÖRKU SEM ERU VIÐURKENND MEÐ TILLITI TIL VEIRUBLÆÐINGAR**

— Hansted Å
— Hovmølle Å
— Grenå
— Treå
— Alling Å
— Kastbjerg
— Villestrup Å
— Karup Å
— Sæby Å
— Elling Å
— Uggerby Å
— Lindenborg Å
— Øster Å
— Hasseris Å
— Binderup Å
— Vidkær Å
— Dybvad Å
— Bjørnsholm Å
— Trend Å
— Lerkenfeld Å
— Vester Å
— Lønnerup ásamt aðrennsli
— Slette Å
— Bredkær Bæk
— Vandløb til Kilen
— Resenkær Å
— Klostermølle Å
— Hvidbjerg Å
— Knidals Å
— Spang Å
— Simested Å
— Skals Å
— Jordbro Å
— Fåremølle Å
— Flynder Å
— Damhus Å
— Karup Å
— Gudenåen
— Halkær Å
— Storåen
— Århus Å
— Bygholm Å
— Grejs Å
— Ørum Å

1.B. **SVÆÐI Í DANMÖRKU SEM ERU VIÐURKENND MEÐ TILLITI TIL IÐRADREPS**

— Danmörk ([2])

2. **SVÆÐI Í ÞÝSKALANDI SEM ERU VIÐURKENND MEÐ TILLITI TIL VEIRUBLÆÐINGAR OG IÐRADREPS**

2.1. BADEN-WÜRTTEMBERG ([3])

— Isenburger Tal frá upptökum að vatnsfrárás eldisstöðvarinnar Falkenstein,

— Eyach og þverár hennar frá upptökunum að fyrsta stíflugarðinum forstreymis, nálægt bænum Haigerloch.

3. **SVÆÐI Á SPÁNI SEM ERU VIÐURKENND MEÐ TILLITI TIL VEIRUBLÆÐINGAR OG IÐRADREPS**

3.1. HÉRAÐ: SJÁLFSTJÓRNARHÉRAÐIÐ ASTÚRÍA

Meginlandssvæði

— Öll vatnsöflunarsvæði Astúríu.

Strandsvæði

— Allar strendur Astúríu.

3.2. HÉRAÐ: SJÁLFSTJÓRNARHÉRAÐIÐ GALISÍA

Meginlandssvæði

— Vatnsöflunarsvæði Galisíu:

  — að meðtöldum vatnsöflunarsvæðum árinnar Eo, árinnar Sil frá upptökum í fylkinu Léon, árinnar Miño frá upptökum að hindruninni við Frieira og árinnar Limia frá upptökum að hindruninni við Das Conchas,

  — að undanskildu vatnsöflunarsvæði árinnar Tamega.

Strandsvæði

— Strandsvæði Galisíu frá mynni árinnar Eo (Isla Pancha) að Cabo Silliero í Ría de Vigo.

— Strandsvæðið frá Cabo Silliero að Punta Picos (mynni árinnar Miño) telst vera sóttvarnabelti.

([1]) Vatnsöflunarsvæði og tilheyrandi strandsvæði.
([2]) Að öllum meginlands- og strandsvæðum á yfirráðasvæði hennar meðtöldum.
([3]) Hlutar af vatnsöflunarsvæðum.

3.3. HÉRAÐ: ARAGÓNÍA

Meginlandssvæði

— Áin Aragón frá upptökum að hindruninni við Caparroso í sýslunni Navarra,
— áin Gállego frá upptökum að hindruninni við Ardisa,
— áin Sotón frá upptökum að hindruninni við Sotonera,
— áin Isuela frá upptökum að hindruninni við Arguis,
— áin Flumen frá upptökum að hindruninni við Santa María de Belsue,
— áin Guatizalema frá upptökum að hindruninni við Vadiello,
— áin Cinca frá upptökum að hindruninni við Grado,
— áin Esera frá upptökum að hindruninni við Barasona,
— áin Noguera-Ribagorzana frá upptökum að hindruninni við Santa Ana,
— áin Huecha frá upptökum að Alcalá de Moncayo-stíflunni,
— áin Jalón frá upptökum að Alagón-stíflunni,
— áin Huerva frá upptökum að hindruninni við Mezalocha,
— áin Aguasvivas frá upptökum að hindruninni við Moneva,
— áin Martin frá upptökum að hindruninni við Cueva Foradada,
— áin Escuriza frá upptökum að hindruninni við Escuriza,
— áin Guadalope frá upptökum að hindruninni við Caspe,
— áin Matarraña frá upptökum að hindruninni við Aguas de Pena,
— áin Pena frá upptökum að hindruninni við Pena,
— áin Gadalaviar-Turia frá upptökum að hindruninni við Gerneralísimo í sýslunni Valencia,
— áin Mijares frá upptökum að hindruninni við Arenós í sýslunni Castellón.

Önnur vatnsföll í Aragóníu og fljótið Ebro, þar sem það rennur um áðurnefnt hérað, teljast vera sóttvarnabelti.

3.4. HÉRAÐ: SJÁLFSTJÓRNARHÉRAÐIÐ NAVARRA

Meginlandssvæði

— Áin Bidasoa frá upptökum að mynni hennar,
— áin Leizarán frá upptökum að hindruninni við Leizarán (Muga),
— áin Arakil-Arga frá upptökum að hindruninni við Falces,
— áin Ega frá upptökum að hindruninni við Allo,
— áin Aragón frá upptökum í sýslunni Huesca (Aragón) að hindruninni við Caparroso (Navarre).

Önnur vatnsföll í Navarre og fljótið Ebro, þar sem það rennur um áðurnefnt hérað, teljast vera sóttvarnabelti.

3.5. HÉRAÐ: SJÁLFSTJÓRNARHÉRAÐIÐ KASTILÍA-LEÓN

Meginlandssvæði

— áin Duero frá upptökum að hindruninni við Aldeávila,
— fljótið Ebro frá upptökum í sjálfstjórnarhéraðinu Kantabríu að hindruninni við Sobrón,
— áin Queiles frá upptökum að hindruninni við Los Fayos,
— áin Tiétar frá upptökum að hindruninni við Rosarito,
— áin Alberche frá upptökum að hindruninni við Burguillo.

Önnur vatnsföll í sjálfstjórnarhéraðinu Kastilíu-León teljast vera sóttvarnabelti.

3.6. HÉRAÐ: SJÁLFSTJÓRNARHÉRAÐIÐ KANTABRÍA

Meginlandssvæði

Vatnsöflunarsvæði eftirfarandi áa frá upptökum til sjávar:

— áin Deva,
— áin Nansa,
— áin Saja-Besaya,
— áin Pas-Pisveña,
— áin Asón,
— áin Agüera.

Vatnsöflunarsvæði ánna Gandraillas, Escudo og Miera y Campiazo teljast vera sóttvarnabelti.

Strandsvæði

— Öll strandlengja Kantabríu frá mynni árinnar Deva að Ontón-víkinni.

4.A. **SVÆÐI Í FRAKKLANDI SEM ERU VIÐURKENND MEÐ TILLITI TIL VEIRUBLÆÐINGAR OG IÐRADREPS**

4.A.1. ADOUR-GARONNE

Vatnsöflunarsvæði

— Charente-vatnasvæðið,

— Seudre-vatnasvæðið,

— vatnasvæði ánna sem renna til sjávar í Gironde-ármynninu í Charente-Maritime-umdæmi,

— vatnsöflunarsvæði Nive og Nivelles (Pyrenées Atlantiques),

— Forges-vatnasvæðið (Landes),

— vatnsöflunarsvæði Dronne (Dordogne), frá upptökum að Eglisottes-stíflunni við Monfourat,

— vatnsöflunarsvæði Beauronne (Dordogne), frá upptökum að Faye-stíflunni,

— vatnsöflunarsvæði Valouse (Dordogne), frá upptökum að Etang des Roches Noires-stíflunni,

— vatnsöflunarsvæði Paillasse (Gironde), frá upptökum að Grand Forge-stíflunni,

— vatnsöflunarsvæði Ciron (Lot et Garonne, Gironde), frá upptökum að Moulin de Castaing-stíflunni,

— vatnsöflunarsvæði Petite Leyre (Landes), frá upptökum að Pont de Espine-stíflunni við Argelouse,

— vatnsöflunarsvæði Pave (Landes), frá upptökum að Pave-stíflunni,

— vatnsöflunarsvæði Escource (Landes), frá upptökum að Moulin de Barbe-stíflunni,

— vatnsöflunarsvæði Geloux (Landes), frá upptökum að D38-stíflunni við Saint Martin d'Oney,

— vatnsöflunarsvæði Estrigon (Landes), frá upptökum að Campet et Lamolère-stíflunni,

— vatnsöflunarsvæði Estampon (Landes), frá upptökum að Ancienne Minoterie-stíflunni við Roquefort,

— vatnsöflunarsvæði Gélise (Landes, Lot et Garonne), frá upptökum að stíflunni neðan við ármót Gélise og Osse,

— vatnsöflunarsvæði Magescq (Landes), frá upptökum að mynni,

— vatnsöflunarsvæði Luys (Pyrénées Atlantiques), frá upptökum að Moulin d'Oro-stíflunni,

— vatnsöflunarsvæði Neez (Pyrénées Atlantiques), frá upptökum að Jurançon-stíflunni,

— vatnsöflunarsvæði Beez (Pyrénées Atlantiques), frá upptökum að Nay-stíflunni,

— vatnsöflunarsvæði Gave de Cauterets (Hautes Pyrénées), frá upptökum að Calypso-stíflunni við Soulom-virkjunina.

Strandsvæði

— Öll Atlantshafsströndin milli norðurmarka Vendée-umdæmis og suðurmarka Charente-Maritime-umdæmis.

4.A.2. LOIRE-BRETAGNE

Meginlandssvæði

— Öll vatnsöflunarsvæði á Bretagneskaga, að eftirtöldum vatnsöflunarsvæðum undanskildum:

  — Vilaine,

  — Aven,

  — Ster-Goz,

  — neðri hluta vatnsöflunarsvæðis árinnar Elorn,

— Sèvre Niortaise-vatnasvæðið,

— Lay-vatnasvæðið,

— eftirtalin vatnsöflunarsvæði Vienne-vatnasvæðisins:

  — vatnsöflunarsvæði árinnar Vienne, frá upptökum að Châtellerault-stíflunni í Vienne-umdæmi,

  — vatnsöflunarsvæði árinnar Gartempe, frá upptökum að Saint Pierre de Maillé-stíflunni (með rimlagrind) í Vienne-umdæmi,

— vatnsöflunarsvæði árinnar Creuse, frá upptökum að Bénavent-stíflunni í Indre-umdæmi,

— vatnsöflunarsvæði árinnar Suin, frá upptökum að Douadic-stíflunni í Indre-umdæmi,

— vatnsöflunarsvæði árinnar Claise, frá upptökum að Bossay-sur-Claise-stíflunni í Indre-et-Loire-umdæmi,

— vatnsöflunarsvæði lækjanna Velleches og Trois Moulins, frá upptökum að Trois Moulins-stíflunum í Vienne-umdæmi,

— vatnasvæði ánna sem renna í Atlantshaf í Vendée-umdæmi.

Strandsvæði

— Öll strönd Bretagneskaga, að eftirtöldum svæðum undanskildum:

— Rade de Brest,

— Anse de Camaret,

— strandsvæðinu milli Trévignon-odda og mynnis árinnar Laïta,

— strandsvæðinu milli mynnis árinnar Tohon og ytri marka umdæmisins.

4.A.3. SEINE-NORMANDIE

Meginlandssvæði

— Sélune-vatnasvæðið

4.B. **SVÆÐI Í FRAKKLANDI SEM ERU VIÐURKENND MEÐ TILLITI TIL VEIRUBLÆÐINGAR**

4.B.1. LOIRE-BRETAGNE

Meginlandssvæði

— Sá hluti Loire-vatnasvæðisins sem er efri hluti Huisne-vatnsöflunarsvæðisins frá upptökum vatnsfallanna að Ferté-Bernard-stíflunum

4.C. **SVÆÐI Í FRAKKLANDI SEM ERU VIÐURKENND MEÐ TILLITI TIL IÐRADREPS**

4.C.1. LOIRE-BRETAGNE

Meginlandssvæði

— Eftirtalin vatnsöflunarsvæði Vienne-vatnasvæðisins:

— vatnsöflunarsvæði Anglin, frá upptökum að stíflunum við:

— orkuverið í Châtellerault við ána Vienne, í Vienne-umdæmi,

— Saint Pierre de Maillé við ána Gartempe, í Vienne-umdæmi,

— Bénavent við ána Creuse, í Indre-umdæmi,

— Douadic við ána Suin, í Indre-umdæmi,

— Bossay-sur-Claise við ána Claise, í Indre-et-Loire-umdæmi.

5.A. **SVÆÐI Á ÍRLANDI SEM ERU VIÐURKENND MEÐ TILLITI TIL VEIRUBLÆÐINGAR**

— Írland ([2]), að Cape Clear Island undanskildu

5.B. **SVÆÐI Á ÍRLANDI SEM ERU VIÐURKENND MEÐ TILLITI TIL IÐRADREPS**

— Írland ([2])

6. **SVÆÐI Á ÍTALÍU SEM ERU VIÐURKENND MEÐ TILLITI TIL VEIRUBLÆÐINGAR OG IÐRADREPS**

6.1. HÉRAÐIÐ TRENTINO-ALTO ADIGE, SJÁLFSTJÓRNARSÝSLAN TRENTO

Meginlandssvæði

— Zona Val di Fiemme og Fassa: vatnsöflunarsvæði árinnar Avisio, frá upptökum að tilbúnu hindruninni við Stramentizzo,

— Zona Valle dei Laghi: vatnsöflunarsvæði stöðuvatnanna San Massenza, Toblino og Cavedine að hindruninni forstreymis í suðurhluta Cavedine-vatns sem nær að vatnsaflsvirkjuninni í sveitarfélaginu Torbole,

— Zona Val delle Sorne: vatnsöflunarsvæði árinnar Sorna frá upptökum að tilbúnu hindruninni sem vatnsaflsvirkjunin í Chizzola (Ala) myndar, ofan við ána Adige,

([2]) Að öllum meginlands- og strandsvæðum á yfirráðasvæði þess meðtöldum.

— Zona Torrente Adanà: vatnsöflunarsvæði árinnar Adanà, frá upptökum að tilbúinni röð hindrana forstreymis við eldisstöðina Armani Cornelio-Lardaro,

— Zona Rio Manes: Svæði þar sem safnast vatn úr Manes-ánni og nær niður að fossi 200 metra forstreymis við eldisstöðina Troticoltura Giovanelli á svæðinu La Zinquantina.

6.2. HÉRAÐIÐ LOMBARDIA, SÝSLAN BRESCIA

Meginlandssvæði

— Zona Ogliolo: vatnsöflunarsvæði frá upptökum lækjarins Ogliolo að fossinum, forstreymis við fiskeldisstöðina Adamello þar sem lækurinn Ogliolo rennur í ána Oglio.

6.3. HÉRAÐIÐ ÚMBRÍA, SÝSLAN PERUGÍA

Meginlandssvæði

— Zona Lago Trasimeno: stöðuvatnið Trasimeno

7.A. **SVÆÐI Í SVÍÞJÓÐ SEM ERU VIÐURKENND MEÐ TILLITI TIL VEIRUBLÆÐINGAR**

— Svíþjóð ([6]):

— að undanskildu svæði á vesturströndinni, sem er innan hálfhrings með 20 kílómetra geisla umhverfis fiskeldisstöðina á eynni Björkö, ásamt ármynnum og vatnsöflunarsvæðum ánna Göta og Säve að fyrsta fiskigarðinum í hvorri á (við Trollhättan annars vegar og aðrásina í stöðuvatnið Aspen hins vegar).

7.B. **SVÆÐI Í SVÍÞJÓÐ SEM ERU VIÐURKENND MEÐ TILLITI TIL IÐRADREPS**

— Svíþjóð ([2])

8. **SVÆÐI Í BRESKA KONUNGSRÍKINU, Á ERMARSUNDSEYJUM OG MÖN SEM ERU VIÐURKENND MEÐ TILLITI TIL VEIRUBLÆÐINGAR OG IÐRADREPS**

— Stóra-Bretland ([2])

— Norður-Írland ([2])

— Guernsey ([2])

— Mön ([2])

([2]) Að öllum meginlands- og strandsvæðum á yfirráðasvæði þess/hennar meðtöldum.

II. VIÐAUKI

FISKELDISSTÖÐVAR SEM ERU VIÐURKENNDAR MEÐ TILLITI TIL FISKSJÚKDÓMANNA VEIRUBLÆÐINGAR OG/EÐA IÐRADREPS

1. **FISKELDISSTÖÐVAR Í BELGÍU SEM ERU VIÐURKENNDAR MEÐ TILLITI TIL VEIRUBLÆÐINGAR OG IÐRADREPS**

1.	La Fontaine aux truites	B-6769 Gérouville

2. **FISKELDISSTÖÐVAR Í DANMÖRKU SEM ERU VIÐURKENNDAR MEÐ TILLITI TIL VEIRUBLÆÐINGAR OG IÐRADREPS**

1.	Vork Dambrug	DK-6040 Egtved
2.	Egebæk Dambrug	DK-6880 Tarm
3.	Bækkelund Dambrug	DK-6950 Ringkøbing
4.	Borups Geddeopdræt	DK-6950 Ringkøbing
5.	Bornholms Lakseklækkeri	DK-3730 Nexø
6.	Langes Dambrug	DK-6940 Lem St.
7.	Braenderigaardens Dambrug	DK-6971 Spjald
8.	Siglund Fiskeopdræt	DK-4780 Stege

3. **FISKELDISSTÖÐVAR Í ÞÝSKALANDI SEM ERU VIÐURKENNDAR MEÐ TILLITI TIL VEIRUBLÆÐINGAR OG IÐRADREPS**

3.1. NEÐRA-SAXLAND

1.	Jochen Moeller	Fischzucht Harkenbleck D-30966 Hemmingen-Harkenbleck
2.	Versuchsgut Relliehausen der Universität Göttingen	(eingöngu klakstöð) D-37586 Dassel
3.	Dr. R. Rosengarten	Forellenzucht Sieben Quellen D-49124 Georgsmarienhütte
4.	Klaus Kröger	Fischzucht Klaus Kröger D-21256 Handeloh Wörme
5.	Ingeborg Riggert-Schlumbohm	Forellenzucht W. Riggert D-29465 Schnega
6.	Volker Buchtmann	Fischzucht Nordbach D-21441 Garstedt
7.	Sven Kramer	Forellenzucht Kaierde D-31073 Delligsen
8.	Hans-Peter Klusak	Fischzucht Grönegau D-49328 Melle
9.	F. Feuerhake	Forellenzucht Rheden D-31039 Rheden

3.2. THÜRINGEN

1.	Firma Tautenhahn	D-98646 Trostadt
2.	Thüringer Forstamt Leinefelde	Fischzucht Worbis D-37327 Leinefelde
3.	Fischzucht Salza GmbH	D-99734 Nordhausen-Salza
4.	Fischzucht Kindelbrück GmbH	D-99638 Kindelbrück
5.	Reinhardt Strecker	Forellenzucht Orgelmühle D-37351 Dingelstadt

3.3. BADEN-WÜRTTEMBERG

1.	Heiner Feldmann	Riedlingen/Neufra D-88630 Pfullendorf
2.	Walter Dietmayer	Forellenzucht Walter Dietmayer, Hettingen, D-72501 Gammertingen
3.	Heiner Feldmann	Bad Waldsee D-88630 Pfullendorf
4.	Heiner Feldmann	Bergatreute D-88630 Pfullendorf
5.	Oliver Fricke	Anlage Wuchzenhofen, Boschenmühle D-87764 Mariasteinbach-Legau
6.	Peter Schmaus	Fischzucht Schmaus, Steinental D-88410 Steinental/Hauerz
7.	Josef Schnetz	Fenkenmühle D-88263 Horgenzell
8.	Erwin Steinhart	Quellwasseranlage Steinhart, Hettingen D-72513 Hettingen
9.	Hugo Strobel	Quellwasseranlage Otterswang, Sägmühle D-72505 Hausen am Andelsbach
10.	Reinhard Lenz	Forsthaus, Gaimühle D-64759 Sensbachtal
11.	Peter Hofer	Sulzbach D-78727 Aisteig/Oberndorf
12.	Stephan Hofer	Oberer Lautenbach D-78727 Aisteig/Oberndorf
13.	Stephan Hofer	Unterer Lautenbach D-78727 Aisteig/Oberndorf
14.	Stephan Hofer	Schelklingen D-78727 Aisteig/Oberndorf
15.	Hubert Schuppert	Brutanlage: Obere Fischzucht Mastanlage: Untere Fischzucht D-88454 Unteressendorf

16.	Johannes Dreier	Brunnentobel D-88299 Leutkirch/Hebrazhofen
17.	Peter Störk	Wagenhausen D-88348 Saulgau
18.	Erwin Steinhart	Geislingen/St. D-73312 Geislingen/St.
19.	Joachim Schindler	Forellenzucht Lohmühle D-72275 Alpirsbach
20.	Heribert Wolf	Forellenzucht Sohnius D-72160 Horb-Diessen
21.	Claus Lehr	Forellenzucht Reinerzau D-72275 Alpirsbach-Reinerzau
22.	Hugo Hager	Bruthausanlage D-88639 Walbertsweiler
23.	Hugo Hager	Waldanlage D-88639 Walbertsweiler
24.	Gumpper und Stöll GmbH	Forellenhof Rössle, Honau D-72805 Liechtenstein
25.	Ulrich Ibele	Pfrungen D-88271 Pfrungen
26.	Hans Schmutz	Brutanlage 1, Brutanlage 2, Brut- und Setzlingsanlage 3 (Hausanlage) D-89155 Erbach
27.	Wilhelm Drafehn	Obersimonswald D-77960 Seelbach
28.	Wilhelm Drafehn	Brutanlage Seelbach D-77960 Seelbach
29.	Franz Schwarz	Oberharmersbach D-77784 Oberharmersbach
30.	Meinrad Nuber	Langenenslingen D-88515 Langenenslingen
31.	Anton Spieß	Höhmühle D-88353 Kißleg
32.	Karl Servay	Osterhofen D-88339 Bad Waldsee
33.	Kreissportfischereiverein Biberach	Warthausen D-88400 Biberach
34.	Hans Schmutz	Gossenzugen D-89155 Erbach
35.	Reinhard Rösch	Haigerach D-77723 Gengenbach

36.	Harald Tress	Unterlauchringen D-79787 Unterlauchringen
37.	Alfred Tröndle	Tiefenstein D-79774 Albbruck
38.	Alfred Tröndle	Unteralpfen D-79774 Unteralpfen
39.	Peter Hofer	Schenkenbach D-78727 Aigsteg/Oberndorf
40.	Heiner Feldmann	Bainders D-88630 Pfullendorf
41.	Andreas Zordel	Fischzucht Im Gänsebrunnen D-75305 Neuenbürg
42.	Hans Fischböck	Forellenzucht am Kocherursprung D-73447 Oberkochen
43.	Hans Fischböck	Fischzucht D-73447 Oberkochen
44.	Josef Dürr	Forellenzucht Igersheim D-97980 Bad Mergentheim
45.	Kurt Englerth und Sohn GBR	Anlage Berneck D-72297 Seewald
46.	Fischzucht Anton Jung	Anlage Rohrsee D-88353 Kisslegg
47.	Staatliches Forstamt Wangen	Anlage Karsee D-88364 Wangen i.A.
48.	Simon Philipson	Anlage Weissenbronnen D-88364 Wolfegg
49.	Hans Klaiber	Anlage Bad Wildbad D-75337 Enzklösterle
50.	Josef Hönig	Forellenzucht Hönig D-76646 Bruchsal-Heidelsheim
51.	Werner Baur	Blitzenreute D-88273 Fronreute-Blitzenreute
52.	Gerhard Weihmann	Mägerkingen D-72574 Bad Urach-Seeburg
53.	Hans und Hubert Belser GBR	Dettingen D-72401 Haigerloch-Gruol
54.	Staatliche Forstämter Ravensburg und Wangen	Altdorfer Wald D-88214 Ravensburg
55.	Anton Jung	Bunkhoferweiher, Schanzwiesweiher und Häcklerweiher D-88353 Kisslegg

56.	Hildegart Litke	Holzweiher D-88480 Achtstetten
57.	Werner Wägele	Ellerazhofer Weiher D-88319 Aitrach
58.	Ernst Graf	Hatzenweiler Osterbergst. 8 D-88239 Wangen-Hatzenweiler
59.	Fischbrutanstalt des Landes Baden-Württemberg	Obereisenbach Argenweg 50 D-88085 Langenargen
60.	Johann-Georg Huchler	Gutenzell Ochsenhauserstr. 17 D-88484 Gutenzell
61.	Meinrad Nuber	Ochsenhausen Obere Wiesen 1 D-88416 Ochsenhausen
62.	Bezirksfischereiverein Nagoldtal e.V.	Kentheim Lange Steige 34 D-75365 Calw
63.	Berd und Volker Fänrich	Neumühle D-88260 Ratzenried-Argenbühl

3.4. NORDRHEIN–WESTFALEN

1.	Wolfgang Lindhorst-Emme	Hirschquelle D-33758 Schloss Holte-Stukenbrock
2.	Wolfgang Lindhorst-Emme	Am Oelbach D-33758 Schloss Holte-Stukenbrock
3.	Hugo Rameil und Söhne	Sauerländer Forellenzucht D-57368 Lennestadt-Gleierbrück
4.	Peter Horres	Ovenhausen, Jätzer Mühle D-37671 Höxter
5.	Wolfgang Middendorf	Fischzuchtbetrieb Middendorf D-46348 Raesfeld

3.5. BÆJARALAND

1.	Gerstner Peter	(Forellenzuchtbetrieb Juraquell)Wellheim D-97332 Volkach
2.	Werner Ruf	Fischzucht Wildbad D-86925 Fuchstal-Leeder
3.	Rogg	Fisch Rogg D-87751 Heimertingen

3.6. SAXLAND

1.	Anglerverband Südachsen „Mulde/Elster" e.V.	Forellenanlage Schlettau D-09487 Schlettau
2.	H. und G. Ermisch GbR	Forellen- und Lachszucht D-01844 Langburkersdorf

3.7. HESSEN

1.	Hermann Rameil	Fischzuchtbetriebe Hermann Rameil D-34560 Fritzlar

4. **FISKELDISSTÖÐVAR Á SPÁNI SEM ERU VIÐURKENNDAR MEÐ TILLITI TIL VEIRUBLÆÐINGAR OG IÐRADREPS**

4.1. HÉRAÐ: SJÁLFSTJÓRNARSVÆÐIÐ ARAGÓNÍA

1.	Truchas del Prado	í Alcalá de Ebro, sýslunni Zaragoza (Aragón)

5.A. **FISKELDISSTÖÐVAR Í FRAKKLANDI SEM ERU VIÐURKENNDAR MEÐ TILLITI TIL VEIRUBLÆÐINGAR OG IÐRADREPS**

5.A.1. ADOUR-GARONNE

1.	Pisciculture de Sarrance	F-64490 Sarrance (Pyrénées-Atlantiques)
2.	Pisciculture des Sources	F-12540 Cornus (Aveyron)
3.	Pisciculture de Pissos	F-40410 Pissos (Landes)
4.	Pisciculture de Tambareau	F-40000 Mont-de-Marsan (Landes)
5.	Pisiculture „Les Fontaines d'Escot"	F-64490 Escot (Pyrénées-Atlantiques)
6.	Pisciculture de la Forge	F-47700 Casteljaloux (Lot-et-Garonne)

5.A.2. ARTOIS-PICARDIE

1.	Pisciculture du Moulin du Roy	F-62156 Rémy (Pas-de-Calais)
2.	Pisciculture du Bléquin	F-62380 Séningheim (Pas-de-Calais)

5.A.3. AQUITAINE

1.	SARL Salmoniculture de la Ponte — Station d'Alevinage du Ruisseau Blanc	Le-Meysout F-40120 Arue

5.A.4. DRÔME

1.	Pisiculture „Sources de la Fabrique"	40, Chemin de Robinson F-26000 Valence

5.A.5. HAUTE-NORMANDIE

1.	Pisciculture des Godeliers	F-27210 Le Torpt

5.A.6. LOIRE-BRETAGNE

1.	SCEA „Truites du lac de Cartravers“	Bois-Boscher F-22460 Merleac (Côtes d'Armor)
2.	Pisciculture du Thélohier	F-35190 Cardroc (Ille-et-Vilaine)
3.	Pisciculture de Plainville	F-28400 Marolles-les-Buis (Eure-et-Loir)

5.A.7. RHIN-MEUSE

1.	Pisciculture du ruisseau de Dompierre	F-55300 Lacroix-sur-Meuse (Meuse)
2.	Pisciculture de la source de la Deüe	F-55500 Cousances-aux-Bois (Meuse)

5.A.8. RHÔNE-MÉDITERRANÉE-CORSE

1.	Pisciculture Charles Murgat	Les Fontaines F-38270 Beaufort (Isère)

5.A.9. SEINE-NORMANDIE

1.	Pisciculture du Vaucheron	F-55130 Gondrecourt-le-Château (Meuse)

5.B. **FISKELDISSTÖÐVAR Í FRAKKLANDI SEM ERU VIÐURKENNDAR MEÐ TILLITI TIL VEIRUBLÆÐINGAR**

5.B.1. ARTOIS-PICARDIE

1.	Pisciculture de Sangheen	F-62102 Calais (Pas-de-Calais)

6. **FISKELDISSTÖÐVAR Á ÍTALÍU SEM ERU VIÐURKENNDAR MEÐ TILLITI TIL VEIRUBLÆÐINGAR OG IÐRADREPS**

6.1. HÉRAÐ: FRIULI VENEZIA GIULIA

	Stella-vatnasvæðið	
1.	Azienda ittica agricola Collavini Mario	Via Tiepolo 12, I-33032 Bertiolo (UD)— N. I096UD005

6.2. HÉRAÐ: SJÁLFSTJÓRNARSÝSLAN TRENTO

	Noce-vatnasvæðið	
1.	Ass. Pescatori Solandri (Loc. Fucine)	Cavizzana
	Brenta-vatnasvæðið	
2.	Campestrin Giovanni	Telve Valsugana (Fontane)
3.	Ittica Resenzola Serafini	Grigno
4.	Ittica Resenzola Selva	Grigno
5.	Leornadi F.lli	Levico Terme (S. Giuliana)
6.	Dellai Giuseppe-Trot. Valsugana	Grigno (Fontana Secca, Maso Puele)

	Adige-vatnasvæðið	
7.	Celva Remo	Pomarolo
8.	Margonar Domenico	Ala (Pilcante)
9.	Degiuli Pasquale	Mattarello (Regole)
10.	Tamanini Livio	Vigolo Vattaro
11.	Troticultura Istituto Agrario di S. Michele a/A.	S. Michele all'Adige
	Sarca-vatnasvæðið	
12.	Ass. Pescatori Basso Sarca	Ragoli (Pez)
13.	Stab. Giudicariese La Mola	Tione (Delizia d'Ombra)
14.	Azienda Agricola La Sorgente s.s.	Tione (Saone)
15.	Fonti del Dal s.s.	Lomaso (Dasindo)
16.	Comfish Srl (ex Paletti)	Preore (Molina)
17.	Ass. Pescatori Basso Sarca	Tenno (Pranzo)
18.	Troticultura „La Fiana“	Di Valenti Claudio (Bondo)
	Chiese-vatnasvæðið	
19.	Facchini Emiliano	Pieve di Bono (Agrone)

6.3. HÉRAÐ: ÚMBRÍA

1.	Impianto Ittogenico provinciale	Loc Ponte di Cerreto di Spoleto (PG)— ríkisrekið iðjuver (sýslunni Perugía)

6.4. HÉRAÐ: VENETO

	Astico-vatnasvæðið	
1.	Centro Ittico Valdastico	Valdastico (Veneto, Vicenza-sýslunni)
	Vatnasvæði árinnar Lietta	
2.	Azienda Agricola Lietta sas	Via Rai 3, 31010 Ormelle (TV)— nr.° 052TV074

7. **FISKELDISSTÖÐVAR Í AUSTURRÍKI SEM ERU VIÐURKENNDAR MEÐ TILLITI TIL VEIRUBLÆÐINGAR OG IÐRADREPS**

1.	Alois Köttl	Forellenzucht Alois Köttl A-4872 Neukirchen a.d. Vöckla

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

frá 28. ágúst 2003

um samþykkt áætlana um að ná stöðu viðurkenndra svæða og viðurkenndra eldisstöðva á svæðum sem ekki eru viðurkennd með tilliti til veirublæðingar og iðradreps í fiski

(tilkynnt með númeri C(2003) 3101)

(Texti sem varðar EES)

(2003/634/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 91/67/EBE frá 28. janúar 1991 um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á markaðssetningu fiskeldistegunda og -afurða ([1]), eins og henni var síðast breytt með tilskipun 98/45/EB ([2]), einkum 2. mgr. 10. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samkvæmt tilskipun 91/67/EBE getur aðildarríki lagt áætlun fyrir framkvæmdastjórnina, sem gerir kleift að hefja málsmeðferð síðar meir til þess að svæði eða eldisstöð á svæði, sem ekki er viðurkennt, geti öðlast stöðu viðurkennds svæðis eða viðurkenndrar eldisstöðvar á svæði, sem er ekki viðurkennt, með tilliti til fisksjúkdómanna veirublæðis (ɔ: veirublæðingar) (VHS) og/eða iðradreps (IHN).

2) Tiltekin aðildarríki lögðu fram slíkar áætlanir sem voru samþykktar með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/304/EB ([3]) eins og henni var síðast breytt með ákvörðun 2003/376/EB ([4]).

3) Í bréfum, dagsettum 12. mars 2003 og 12. júní 2003, fór dýraheilbrigðisyfirvaldið í Finnlandi fram á breytingar á áætluninni sem er skráð í lið 6B í I. viðauka við ákvörðun 2002/304/EB. Til þess að varðveita hinar viðkvæmu tegundir eystrasaltslax (*Salmo salar*), sjóbirting (*Salmo trutta m trutta*) og tjarnarsíld (*Coregonus lavaretus lavaretus*) er endurnýjun stofnanna nauðsynleg í ánum Kymijoki og Summanjoki. Finnland hefur lagt fram breytingar á áætlun sinni þar sem kveðið er á um að lifandi hrogn séu flutt af Pyhtää-svæðinu, sem takmarkanir gilda um, að því tilskildu að gripið sé til viðeigandi ráðstafana til að tryggja að hrognin séu laus við veirublæði og iðradrep. Afmörkun svæðisins, sem kveðið var á um í I. viðauka við ákvörðun 2002/304/EB, er ekki breytt.

4) Í bréfi, dagsettu 4. mars 2003, lagði dýraheilbrigðisyfirvaldið á Ítalíu til breytingu á áætluninni sem er skráð í lið 5.1 í I. viðauka við ákvörðun 2002/304/EB. Til þess að auka vernd að því er varðar aðflutning á fiski inn á svæðið, sem áætlunin nær til, verður lifandi silungur og annar fiskur, sem er ætlaður til beinnar neyslu á veitingahúsum, svo og regnbogasilungur, sem á að flytja í manngerð vötn eða fiskivötn, að vera upprunninn í eldisstöðvum eða á svæðum sem viðurkennt er að séu laus við veirublæði og iðradrep. Afmörkun svæðisins, sem kveðið var á um í I. viðauka við ákvörðun 2002/304/EB, er ekki breytt.

5) Í ljós hefur komið að breytingarnar, sem lagðar voru fram, eru í samræmi við 10. gr. tilskipunar 91/67/EBE og skal því samþykkja þær.

6) Ákvörðun 2002/304/EB hefur verið breytt mörgum sinnum. Til glöggvunar og hagræðingar skal hún felld úr gildi og skal þessi ákvörðun koma í hennar stað.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferli og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

1. Áætlanirnar, sem eru skráðar í I. viðauka og lagðar fram skv. 1. mgr. 10. gr. tilskipunar 91/67/EBE til að ná stöðu viðurkennds svæðis, með tilliti til fisksjúkdómanna veirublæðis og iðradreps, eru hér með samþykktar.

2. Áætlanirnar, sem eru skráðar í II. viðauka og lagðar fram skv. 1. mgr. 10. gr. tilskipunar 91/67/EBE til að ná stöðu viðurkenndrar eldisstöðvar, á svæði sem er ekki viðurkennt, með tilliti til fisksjúkdómanna veirublæðis og iðradreps, eru hér með samþykktar.

2. gr.

Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fylgja þessum viðurkenndu áætlunum.

3. gr.

Ákvörðun 2002/304/EB er hér með felld úr gildi.

Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu ákvörðunina sem tilvísanir í þessa ákvörðun.

([1]) Stjtíð. EB L 46, 19.2.1991, bls. 1.
([2]) Stjtíð. EB L 189, 3.7.1998, bls. 12.
([3]) Stjtíð. EB L 104, 20.4.2002, bls. 37.
([4]) Stjtíð. EB L 130, 27.5.2003, bls. 21.

4. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 28. ágúst 2003.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

David BYRNE

framkvæmdastjóri.

I. VIÐAUKI

ÁÆTLANIR SEM ERU LAGÐAR FRAM TIL AÐ NÁ STÖÐU VIÐURKENNDS SVÆÐIS MEÐ TILLITI TIL FISKSJÚKDÓMANNA VEIRUBLÆÐIS OG IÐRADREPS

1. *DANMÖRK*

ÁÆTLANIRNAR, SEM DANMÖRK LAGÐI FRAM 22. MAÍ 1995, NÁ YFIR:

— vatnsöflunarsvæði FISKEBÆK Å,

— ALLT JÓTLAND sunnan og vestan vatnsöflunarsvæða Storåen, Karup Å, Gudenåen og Grejs Å,

— allar DANSKAR EYJAR.

2. *ÞÝSKALAND*

ÁÆTLANIRNAR, SEM ÞÝSKALAND LAGÐI FRAM 25. FEBRÚAR 1999, NÁ YFIR:

— svæði á vatnsöflunarsvæði „WOLFEGGER AACH OG ROHRSEE“,

— svæði á vatnsöflunarsvæði „OBERN NAGOLD“.

3. *SPÁNN*

ÁÆTLUNIN, SEM SPÁNN LAGÐI FRAM 1. ÁGÚST 2002, NÆR YFIR:

— SJÁLFSTJÓRNARHÉRAÐIÐ LA RIOJA.

4. *FRAKKLAND*

ÁÆTLANIRNAR, SEM FRAKKLAND LAGÐI FRAM 16. SEPTEMBER 1994, NÁ YFIR:

— LES FORGES,

— LA NIVE OG LES NIVELLES,

— L'ÉLORN.

5. *ÍTALÍA*

5.1. ÁÆTLUNIN, SEM ÍTALÍA LAGÐI FRAM FYRIR SJÁLFSTJÓRNARSÝSLUNA BOLZANO 6. OKTÓBER 2001, EINS OG HENNI VAR BREYTT Í BRÉFI FRÁ 27. MARS 2003, NÆR YFIR:

Zona Provincia di Bolzano

— Svæðið samanstendur af öllum vatnsöflunarsvæðum í sýslunni Bolzano.

Svæðið tekur til efri hluta svæðisins ZONA VAL DELL'ADIGE, þ.e. vatnsöflunarsvæðis árinnar Adige, frá upptökum hennar í sýslunni Bolzano að landamærum sýslunnar Trento.

(Ath.: Neðri hluti svæðisins ZONA VAL DELL'ADIGE fellur undir viðurkenndu áætlunina um sjálfstjórnarsýsluna Trento. Litið er svo á að efri og neðri hluti þessa svæðis séu ein heild í faraldsfræðilegu tilliti.)

5.2. ÁÆTLANIRNAR, SEM ÍTALÍA LAGÐI FRAM FYRIR SJÁLFSTJÓRNARSÝSLUNA TRENTO 23. DESEMBER 1996 OG 14. JÚLÍ 1997, NÁ YFIR:

Zona Val di Sole e di Non

— Vatnsöflunarsvæðið frá upptökum vatnsfallsins Noce að stíflunni við S. Giustina.

Zona val dell'Adige — neðri hlutinn

— Vatnsöflunarsvæði árinnar Adige ásamt upptökum hennar á yfirráðasvæði sjálfstjórnarsýslunnar Trento frá landamærum sýslunnar Bolzano að Ala-stíflunni (vatnsorkuver).

(Ath.: Efri hluti svæðisins ZONA VAL DELL'ADIGE fellur undir samþykktu áætlunina um sýsluna Bolzano. Litið er svo á að efri og neðri hluti þessa svæðis séu ein heild í faraldsfræðilegu tilliti.)

Zona Torrente Arnò

— Vatnsöflunarsvæðið frá upptökum fljótsins Arnò að hindrununum forstreymis áður en Arnò rennur í ána Sarca.

Zona Val Banale

— Vatnsöflunarsvæðið Ambies að stíflunni sem er við vatnsorkuver.

Zona Varone

— Vatnsöflunarsvæðið frá upptökum fljótsins Magnone að fossinum.

Zona Alto e Basso Chiese

— Vatnsöflunarsvæði árinnar Chiese frá upptökum að stíflunni við Condino, að frátöldu vatnasvæði fljótanna Adanà og Palvico.

Zona Torrente Palvico

— Vatnsöflunarsvæðið á vatnasvæði Palvico að hindrun úr steinsteypu og grjóti.

5.3. ÁÆTLUNIN, SEM ÍTALÍA LAGÐI FRAM FYRIR HÉRAÐIÐ VENETO 21. FEBRÚAR 2001, NÆR YFIR:

Zona Torrente Astico

— Vatnsöflunarsvæði árinnar Astico, frá upptökum hennar (í sjálfstjórnarsýslunni Trento og í sýslunni Vincenza í héraðinu Veneto) að stíflunni sem er í grennd við Pedescala-brúna í sýslunni Vicenza.

Litið er svo á að áin Astico, forstreymis á milli stíflunnar, sem er í grennd við Pedescala-brúna, og Pria Maglio-stíflunnar, sé sóttvarnabelti.

5.4. ÁÆTLUNIN, SEM ÍTALÍA LAGÐI FRAM FYRIR HÉRAÐIÐ UMBRIA 20. FEBRÚAR 2002, NÆR YFIR:

Zona Fosso de Monterivoso: vatnsöflunarsvæði árinnar Monterivoso, frá upptökum hennar að ófæru hindrununum við Ferentillo.

5.5. ÁÆTLUNIN, SEM ÍTALÍA LAGÐI FRAM FYRIR HÉRAÐIÐ LOMBARDIA 1. FEBRÚAR 2002, NÆR YFIR:

Zona Val Brembana: vatnsöflunarsvæði árinnar Brembo, frá upptökum hennar að ófæru hindrununum í bæjarfélaginu de Ponte S. Pietro.

6. *FINNLAND*

6.1. ÁÆTLUNIN, SEM FINNLAND LAGÐI FRAM 29. MAÍ 1995, NÆR YFIR:

— öll meginlands- og strandsvæði FINNLANDS nema Åland-sýslu og það svæði í Pyhtää sem takmarkanir gilda um.

6.2. ÁÆTLUNIN, SEM FINNLAND LAGÐI FRAM 29. MAÍ 1995 OG FELUR Í SÉR SÉRSTAKAR RÁÐSTAFANIR TIL ÚTRÝMINGAR, EINS OG HENNI VAR BREYTT Í BRÉFI FRÁ 12. MARS OG 12. JÚNÍ 2003, NÆR YFIR:

— alla ÅLAND-SÝSLU og það svæði í PYHTÄÄ sem takmarkanir gilda um.

II. VIÐAUKI

ÁÆTLANIR SEM ERU LAGÐAR FRAM TIL AÐ NÁ STÖÐU VIÐURKENNDRAR ELDISSTÖÐVAR Á SVÆÐI SEM ER EKKI VIÐURKENNT MEÐ TILLITI TIL FISKSJÚKDÓMANNA VEIRUBLÆÐIS OG IÐRADREPS

1. *ÍTALÍA*

1.1. ÁÆTLUNIN, SEM ÍTALÍA LAGÐI FRAM FYRIR SÝSLUNA UDINE Í HÉRAÐINU FRIULI VENEZIA GIULIA 2. MAÍ 2000, NÆR YFIR:

Eldisstöðvar á framræslusvæði árinnar Tagliamento:

— Azienda Vidotti Giulio snc, Sutrio.

1.2. ÁÆTLUNIN, SEM ÍTALÍA LAGÐI FRAM FYRIR HÉRAÐIÐ VENETO 5. APRÍL 2002, NÆR YFIR:

Eldisstöðvar á framræslusvæði árinnar Sile:

— Azienda Troticoltura S. Cristina, Via Chiesa Vecchia 14 — Loc. S. Cristina di Quinto.

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

frá 21. nóvember 2003

um breytingu á I. og II. viðauka við ákvörðun 2002/308/EB um skrá yfir viðurkennd svæði og viðurkenndar eldisstöðvar með tilliti til fisksjúkdómanna veirublæðingar og iðradreps

(tilkynnt með númeri C(2003) 4313)

(Texti sem varðar EES)

(2003/839/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

